

Akureyri, 7. desember 2022
UST202201-238/D.Ö.H.
09.04.03

Ágæti samráðsaðili

Efni: Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð. Áætlunin mun verða stefnumótandi skjal þar sem sett verða fram markmið til að viðhalda verndargildi svæðisins. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar hefur verið sett upp svæði þar sem finna má upplýsingar um vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar, þ.m.t. verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun, [sjá hér](#) á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Í verk- og tímaáætlun er gert ráð fyrir að formlegt kynningarferli hefjist í apríl-maí árið 2023 og að lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar verði tilbúin í nóvember sama ár.

Umhverfisstofnun hefur gefið út handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar þar sem meðal annars eru leiðbeiningar varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Handbókin er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar fyrir svæðið, [sjá handbók hér](#).

Umhverfisstofnun upplýsir hér með að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er hafin. Haft verður samband við samráðsaðila eftir því sem tilefni er til. Eru þeir hvattir til að kynna sér vinnu við gerð áætlunarinnar og er ábendingum og athugasemdum sem nýtast munu við gerð hennar fagnað.

Ábendingum og athugasemdum má koma á framfæri við Davíð Örvar Hansson, david.hansson@umhverfisstofnun.is eða í síma 591 2000.

Virðingarfyllst,

Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur

Lára Björnsdóttir
svæðissérfræðingur